

Íslandsbleikja ehf.
Glerárgötu 30
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 1. júlí 2015
UST201504-038/A.B.B.
08.12.01

Efni: Færsla starfsleyfis fyrir eldi í Öxarfirði


Vísað er til umsóknar Silfurstjörnnunnar hf. (kt. 610788-1579) og Íslandsbleikju ehf. (kt. 610406-1060) frá 6. apríl 2015, þar sem óskað er eftir því að færa starfsleyfi Silfurstjörnnunnar hf., útg. 14. júní 2005 (og breytt 12. júní [2013]) af Umhverfisstofnun, yfir á Íslandsbleikju ehf., fyrir ársframleiðslu á allt að 1600 tonnum af eldisfiski (sandhverfu, lúðu, laxi og bleikju) við Núpsmýri í Öxarfirði eins og nánar kemur fram í starfsleyfinu.

Í samræmi við 2. mgr. 27. gr. í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, þá hefur Umhverfisstofnun ákveðið að fallast á færslu starfsleyfisins, enda verði ekki önnur breyting á starfsemi skv. starfsleyfinu. Með þessu færast öll réttindi og allar skyldur varðandi starfsleyfið til Íslandsbleikju ehf. Athygli er vakin á því að starfsleyfið gildir til 1. júlí 2017.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá nýjum rekstraraðila, Íslandsbleikju hf., skv. 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 1281/2003, eða kr. 26.000. Ákvörðunin tekur gildi við greiðslu gjaldsins.

Virðingarfyllt


Kristín Linda Arnadóttir
forstjóri


Agnar Bragi Bragason
lögfræðingur

STARFSLEYFI

Íslandsbleikja ehf.

Öxarfirði

Kt.: 610406-1060¹

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Íslandsbleikju ehf., kt. 610406-1060 í Öxarfirði til framleiðslu á sandhverfu, lúðu, laxi og bleikju.

Íslandsbleikja ehf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri staðarins getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.2 Umfang starfseminnar

Heimilt er að framleiða [allt að 1600 tonn á ári af eldisfiski á ári. Heimildin nær til framleiðslu á sandhverfu, lúðu, laxi og bleikju.]² Starfsleyfið er bundið við rekstur stöðvarinnar ásamt sláturhúsi við Núpsmýri í Öxarfirði og seiðaeldisstöð að Sigtúnum.

1.3 Umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

1.4 Mengunarvarnir

Rekstraraðili skal nota bestu fánlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir eins og hún er skilgreind í reglugerð 785/1999 og nánar er lýst í norrænni skýrslu um bestu fánlegu tækni fyrir fiskeldi. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir).

¹ Starfsleyfið var upphaflega gefið út til Silfurstjörnnunnar hf., kt. 610788-1579, en hefur verið fært yfir á nýjan rekstraraðila sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

² Heimild rekstraraðila er breytt frá upphaflegum texta. Áður var heimildin bundin við 200 tonn af sandhverfu, allt að 800 tonnum af lúðu, allt að 800 tonnum af laxi og allt að 800 tonnum af bleikju á ári. Heildarframleiðsla mátti þó ekki fara fram yfir 1600 tonn á ári.

1.5 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær.

1.6 Stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, tækjum og efnum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar og annarra hlutaðeigandi eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku starfsleyfisins. Vinna skal samkvæmt neyðaráætlun, sbr. ákvæði greinar 4.5, um meðhöndlun eldisfisksins ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Tilkynna skal eftirlitsaðila strax um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.

1.7 Gangsetning rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að fiskeldisstöðin hafi verið tekinn í notkun aftur ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.8 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni, sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun án óhófslegs kostnaðar, skal rekstraraðili, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd áætlun um að draga úr mengun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðun starfsleyfis sbr. 21. gr. reglugerðarinnar. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

2.1 Eldisvatn

Rekstraraðili skal sjálfur sjá til þess að eldisvatnið uppfylli kröfur til fiskeldis..

2.2 Frárennsli frá fiskeldiskerum

Frárennsli skal vera í samræmi við bestu fánlegu tækni (BAT) fyrir fiskeldi. Grófhreinsa skal frárennsli áður en því er veitt í viðtaka, t.d. með síun eða með fellingu í settjörn. Rekstraraðili hefur frest til 31. október 2007 til að framkvæma viðeigandi breytingar á mengunarvarnarbúnaði þannig að hann uppfylli ákvæði um bestu fánlegu tækni, sbr. gr. 1.4.

2.3 Útrás frárennslis frá eldiskerum

Losun á mengunarefnum skal miðast við að lágmarki fyrstastigs hreinsun fyrir losun í Brunná.

Stöðinni er skylt að sjá um að frágangur við útrás þar sem fráveituvatn er leitt í á eða vatn sé þannig að ekki sjáist:

- set eða útfellingar
- þekjur frá rotverum (bakteríur eða sveppir)

- fita eða froða
- sorp eða aðrir aðskotahlutir
- efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi

2.4 Losunarmörk

Hámarks magn mengandi efna sem heimilt er að losa í viðtaka:

- efnasamband fosfórs: 7 kg P/framleitt tonn
- efnasamband köfnunarefnis: 60 kg N/ framleitt tonn

Ef fyrir liggur fullnægjandi úttekt á því hversu mikla mengun viðtakinn þolir m.t.t. fosfórs og köfnunarefnis getur Umhverfisstofnun heimilað rýmri eða þregri mörk en hér greinir.

2.5 Efnainnihald í viðtaka

Þar sem fráveiturvatn er leitt í á eða vatn, skal eftirfarandi gilda 1 m frá útrás:

- hámarkshitabreyting af völdum frárennslis: 2°C
- súrefnismettun, lágmark: 70%,
 - má ekki fara undir 6 mg O₂/l
 - má ekki fara yfir 9 mg O₂/l 50% af tímanum
- sýrustig,
 - hámarksbreyting á sýrustigi vegna frárennslis: 0,5
- ammoníak NH₃: minna en 0.025 mg/l
- súrefnisnotkun BOD₅: hæst 4 mg O₂/l (eða hæst COD: 20 mg/l)
- HOCl: hæst 0,004 mg/l
- olíur og fitur: olíubrák má ekki sjást
- hámarksaukning á svifögnum vegna frárennslis: 2 mg/l.

2.6 Hreinsun settjarna

Auðvelt skal vera að komast að settjörnum fyrir frárennslis til að dæla úr þeim seyru, og skal það gert áður en safnrými er fyllt. Seyru má nýta sem áburð á land eða koma fyrir á viðurkenndum förgunarstað fyrir úrgang.

2.7 Frárennslis frá sláturhúsi

Frárennslis frá sláturhúsi skal að lágmarki miðast við eins þreps hreinsun og fituskilju fyrir losun í viðtaka.

2.8 Meðhöndlun úrgangs frá sláturhúsi

Úrgangi frá slátrun eldisfisks, þar með talið slóg, bein og roð, er ekki heimilt að farga niður um niðurföll. Slíkan úrgang skal endurnýta eða farga í samráði við eftirlitsaðila.

2.9 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífrænn úrgangur fluttur til viðurkendar eyðingar eða urðunar. Ganga skal frá honum í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrifa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaleifum skal komið til viðkenndrar spilliefnamóttöku.

Geymslutíma úrgangs á athafnasvæði fyrirtækisins skal haldið í lágmarki. Lífrænn úrgangur skal að jafnaði fluttur daglega frá fyrirtækinu, að öðrum kosti skal hann ísaður, kældur eða rotvarinn.

2.10 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í rotþró og siturlögn. Um fyrirkomulag og staðsetningu rotþróa og siturlagna skal fara samkvæmt fyrirmælum bygginganefndar og heilbrigðisnefndar og vera í samræmi við leiðbeiningabækling Umhverfisstofnunar.

2.11 Umgengni

Á öllu athafnasvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.

2.12 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að settjörnum og úrgangi stöðvarinnar.

3. INNRA EFTIRLIT FYRIRTÆKISINS OG VÖKTUN

3.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

- veðurfarsþætti (hitastig og úrkomu á nálægari veðurathugunarstöð)
- framleiðslumagn og afföll
- fóðurnotkun og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð voru á árinu.
- kvartanir vegna starfseminnar

3.2 Sýnatökuaðstaða

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga í frárennsli skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá eldisstöðinni kann að berast. Rekstraraðili skal hafa samráð við eftirlitsaðila um staðsetningu og útfærslu sýnatökuaðstöðu á fyrsta starfsári starfsleyfis.

3.3 Sýnataka úr viðtaka

Rekstraraðili skal á fyrsta ári gildistíma starfsleyfis þessa láta taka sýni úr viðtaka, sbr. gr. 2.5, til könnunar og síðari samanburðar. Sýnatakan skal endurtekin á þriggja ára fresti. Niðurstöður skulu liggja fyrir 1. mars þriðja hvert ár, í fyrsta skipti 1. mars 2006.

3.4 Eftirlit með mengunarvörnum

Rekstraraðili skal halda skrá yfir helstu atriði sem varða mengunarvarnir, svo sem um hreinsun. Veita skal upplýsingar um tæmingu á seyru, þ.e. hvenær tæming fór fram, um magn og um förgun seyrunnar.

3.5 Eftirlit með eldisbúnaði

Rekstraraðili skal fylgjast með ástandi eldisbúnaðar og tryggja að fiskur sleppi ekki út. Reglulega skal yfirfara botnsíur og tromlusiur sem hindra að fiskar sleppi úr eldinu.

3.6 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. mars ár hvert. Í yfirlitinu skal koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. gr. 2.4, 2.5 og 3.1.

3.7 Grænt bókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald sbr. reglugerð nr. 851/2002, um grænt bókhald, fyrir 1. maí ár hvert. Þar sem um er að ræða mikið til af sömu upplýsingum og krafist er samkvæmt gr. 3.6, er rekstraraðila heimilt að skila þessum upplýsingum í einni heildarskýrslu fyrir 1. mars ár hvert.

4. STARFSHÆTTIR

4.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felst að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofna og aðgerðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum stöðvarinnar, m.a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og notkun efna og lyfja svo og að draga úr losun þessara efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal gera eftirlitsaðila grein fyrir á hvern hátt beitt er góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar.

4.2 Samráðsfundur

Rekstraraðili skal á tveggja ára fresti boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar á samráðsfund til að undirbúa endurskoðun starfsleyfis. Þessir aðilar geta þó boðið oftari samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um rekstur eldisstöðvarinnar, endurskoðun vöktunaráætlunar, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áður nefndra aðila telja ástæðu til að ræða.

4.3 Viðbragðsáætlanir

Rekstraraðili skal útbúa viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar. Tryggja skal að starfsfólk hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4.4 Tilkynning vegna mengunarslysa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.3, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Slík atvik skal tilkynna til eftirlitsaðila sem metur hvort þörf sé frekari aðgerða. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um tilfelli þar sem hætta er á bráðamengun.

4.5 Neyðaráætlun

Útbúa skal neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

4.6 Umhverfi

Halda skal athafnasvæði fyrirtækisins snyrtilegu. Aðgangur að eldisstöðinni skal vera takmarkaður. Fara skal þannig með allan úrgang við flutning, endurnýtingu, förgun eða aðra meðferð að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.

4.7 Eftirlit og fleira

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila. Verði gert samkomulag um yfirtöku eftirlits samkvæmt 9. grein reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit, flyst það til viðkomandi aðila undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga og fá til þess aðila sem Umhverfisstofnun samþykkir.

Viðbragðsáætlun vegna hugsanlegrar bráðamengunar og neyðaráætlun vegna óvæntrar stöðvunar rekstrar skulu sendar Umhverfisstofnun fyrir 1. desember n.k.

Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt tiltækt á eldisstað.


5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 1. flokk skv. fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá eftirlitsaðila. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða rökstuddra kvartana, greiðist sérstaklega skv. gjaldskrá.


6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til 1. júlí 2017.

Reykjavík 1. júlí 2015³



Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri



Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri

³ Starfsleyfið var upphaflega gefið út 14. júní 2005. Því var breytt 12. júní [2013] og fært á nýjan rekstraraðila 1. júlí 2015.